

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins mánudaginn 17. mars 2025, kl. 20:00

Fundargerð

Vala Smáradóttir formaður Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins setti fundinn. Ávarpar heiðursfélaga.

Formaður minntist tveggja heiðursfélaga og okkar traustustu félaga sem létust á starfsárinu. Sigurður Björnssonar læknir, lést 29. september sl. Sigurður hafði ætíð mikinn áhuga á málefnum Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og sérstaklega var hann hvetjandi um tilbaksvarnastarfið. Hann mætti nær alltaf á aðalfundi, málþing og ráðstefnur félagsins. Sem stjórnarmaður í Krabbameinsfélagi Íslands í rúman aldarfjórðung, og þar af sem formaður í áratug, átti hann mikinn þátt í að móta starf þess félags og aðildarfélaga þess. Árið 2019 var Sigurður kjörinn heiðursfélagi í félaginu okkar.

Unu Björk Harðardóttir lést 13. janúar sl. Una Björk sat í stjórn félagsins í Hafnarfirði til margra ára og lagði þar margt gott til. Áhersla var lögð á að efla og styrkja fræðslu og forvarnir gegn krabbameini og ekki síður að vekja ungu kynslóðina til vitundar um mikilvægi þess að tileinka sér góða og heilbrigða lífshætti. Una Björk tók einnig einlægan og virkan þátt í undirbúningi að stofnun sameinaðs félags í Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Una Björk var kjörinn heiðursfélagi í Krabbameinsfélagi Hafnarfjarðar árið 2018.

Vala bað félaga um að rísa úr sætum í virðingarskyni við hin látnu.

Formaður kom með tillögu um Árna Einarsson sem fundarstjóra og Guðlaugu Birnu Guðjónsdóttur sem fundaritara. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn, þakkaði traustið og minnst á að til fundarins hafi verið löglega til boðað og hann skoðaðist því lögmætur. Bauð fundarmönnum að koma með athugasemdir. Engar athugasemdir komu og fundarstjóri staðfesti því fundinn ályktunarfæran.

Síðan var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla félagsstjórnar

Fundarstjóri gaf formanni, Völu Smáradóttur, orðið sem flutti skýrslu félagsstjórnar.

Það helsta sem Vala áréttaði út ársskýrslunni var 75 ára afmælisárið, ánægjulegan fund með heiðursfélögum, „Skepp í skimun“ átakið sem hefur skilað aukinni þátttöku í brjóstaskimun, klippur úr fræðslumyndinni um brjóstakrabbameins voru nýttar í bleikum október. Einnig voru árveknisskilaboðin nýtt á starfsárinu. Samstarf ýmissa forvarnafélaga er mjög ánægjulegt, að undanförunu hefur verið unnið að því að sporna við auknu aðgengi að áfengi. Happraðttið er grunnstoð félagsins og það fagnar 70 ára afmæli í ár.

Að öðru leyti er vísað til skýrslunnar.

Skýrsla var borin upp til samþykktar eftir að engar athugasemdir voru gerðar. Skýrsla samþykkt.

2. Endurskoðaður ársreikningur 2024 kynntur og lagður fram til samþykktar

Jón L. Árnason gjaldkeri lagði fram endurskoðaðan ársreikning félagsins árið 2024. Gerði stuttlega grein fyrir honum. Staðfesti að félagskjörnir skoðunarmenn hafi staðfest í tölvupósti að þeir geri engar athugasemdir við ársreikninginn.

Jón fór yfir reikninginn og helstu skýringar.

Borinn upp til samþykktar. Einróma samþykktur.

3. Ákveðin upphæð félagsgjalda

Tillaga stjórnar var að félagsgjald yrði óbreytt 3.000 kr. Aðrar tillögur bárust ekki og tillagan því samþykkt.

4. Stjórnarkjör

Kosningarétt hafa þeir félagar sem greitt hafa árgjöldin.

Stjórnin hefur verið þannig skipuð:

Formaður Vala Smáradóttir, varaformaður Magnús Gunnarsson, gjaldkeri Jón L. Árnason og ritari Hafrún Dóra Júlíusdóttir. Meðstjórnendur þau Arnar Hauksson, Helga Tryggvadóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir.

Í varastjórn Ragnheiður Sigurðardóttir, Steinar Ólafsson og Kristjana G. Guðbergsdóttir.

Tillögur uppstillingarnefndar félagsins:

Kjósa þarf þrjá meðstjórnendur til tveggja ára.

Úr stjórn eiga að ganga:

Arnar Hauksson, Hafrún Dóra Júlíusdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir. Jóhanna og Hafrún Dóra gefa kost á sér til áframhaldandi setu en ekki Arnar.

Tillaga stjórnar eftir tillögu uppstillingarnefndar:

Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fjármálastjóri, Jóhanna Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri og Sigrún Perla Böðvarsdóttir, kvensjúkdómalæknir.

Engar aðrar tillögur bárust og ofangreindar eru því réttkjörnar sem meðstjórnendur.

Kjósa þarf þrjá varamenn til eins árs. Tillaga stjórnar - eftir tillögum uppstillingarnefndar:

Bára O'Brien Ragnhildardóttir, verkefnastjóri, Eyrún Magnúsdóttir, verkefnastjóri og Garðar Örn Þórsson, hjúkrunarfræðingur.

Aðrar tillögur bárust ekki, tillagan því samþykkt.

5. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna ársreiknings, kosnir til eins árs og einn til vara

Tillaga stjórnar eftir tillögu uppstillingarnefndar:

Birna Guðmundsdóttir, Jón Auðunn Jónsson og til vara Skúli Jón Sigurðarsson

Aðrar tillögur komu ekki og tillagan því samþykkt.

6. Kosning löggilts endurskoðanda

Tillaga stjórnar að Gunnar Þorvarðarsom endurskoðandi hjá Deloitte ehf verði löggiltur endurskoðandi félagsins.

Aðrar tillögur komu ekki og tillagan því samþykkt.

7. Kosning í uppstillingarnefnd til eins árs

Tillaga stjórnar:

Ása Karin Hólm, Jón Auðunn Jónsson og Þóra Magnea Magnúsdóttir.

Aðrar tillögur komu ekki og tillagan því samþykkt.

8. Framlag í varasjóð og ráðstöfun framlaga úr varasjóði

Stjórn leggur til að varasjóður verði óbreyttur (10 milljónir kr.). Hvorki aukið framlag í sjóðinn né ráðstafað úr honum.

Aðrar tillögur komu ekki og engin umræða.

Tillagan samþykkt.

Kosnir sex fulltrúar á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands 2025 svo og varafulltrúar

Tillaga um að það verði nýkjörnir aðalmenn í stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og varamenn verði nýkjörnir varamenn í stjórn. Stjórn óskar líka eftir umboði til breytinga ef aðstæður krefjast þess.

Aðrar tillögur bárust ekki og tillagan því samþykkt.

9. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar.

10. Önnur mál

Staðfesta þarf aftur breytingar á lögum félagsins, sem samþykktar voru upphaflega á aðalfundi félagsins 20. mars 2023 vegna mistaka í eftirfylgni við Rsk. Breytingarnar 2023 snéru að aðlögun á lögum félagsins með tilliti til laga um félög til almannaheilla. Endurskoðuð lög voru kynnt þá og breytingar voru lagðar fram til samþykktar og voru einróma samþykktar af fundarmönnum.

Vegna þessa mistaka í eftirfylgd við Rsk á sínum tíma þarf að leggja lögina fram aftur með þeim breytingum sem þegar var búið að samþykkja á aðalfundi árið 2023. Lögina og lagabreytingarnar lagðar fram og einróma samþykktar.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að bera upp fleiri önnur mál áður en ályktanir aðalfundar yrðu kynntar. Engin önnur mál.

Ályktanir bornar upp á aðalfundi Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins 17. mars 2025

Fundarstjóri kynnti ályktanir stjórnar.

Áskorun til Samkaupa

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn þann 17. mars 2025, skorar á Samkaup að hætta allri sölu á tóbaks- og nikótínvörum í samræmi við stefnu Samkaupa um samfélagslega ábyrgð og fara þannig að fordæmi stærri samkeppnisaðilanna Krónunnar og Bónuss. Í ársskýrslu Samkaupa árið 2024 segir: „Samkaup leggja mikla áherslu á heilbrigðan lífsstíl, taka þátt í mörgum heilsuhvetjandi verkefnum, styrkja íþróttastarf og bjóða upp á mikið úrval af heilsuvörum á góðu verði.” Auk þess leggur Samkaup mikla áherslu á að styrkja æskulýðs og forvarnarstarf barna og ungmenna.

Ljóst er að takmörkun á aðgengi tóbaks- og nikótínvara er mikilvæg forvarnaraðgerð og með því að hætta allri sölu á slíkum varningi getur Samkaup enn frekar hvatt til heilsusamlegra lífsvenja og stutt af heilindum við forvarnarstarf barna og ungmenna.

Stutt umræða varð um tilgang þessarar ályktunar og einn fundarmaður gerði athugasemd um að ályktunin væri höfuðborgarmiðuð. Engin breytingartillaga kom. Ályktunin var samþykkt.

Ályktun um tóbak og nikótín

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn 17. mars 2025, skorar á stjórnvöld að koma á stefnu í tóbaks- og nikótínvörnum, sem felur í sér tímasetta aðgerðaráætlun, með það að markmiði að vernda börn og ungmenni þjóðarinnar.

Greinargerð:

Stjórnvöld skrifuðu undir rammasamning við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina um tóbaksvarnir árið 2004. Samkvæmt honum ber stjórnvöldum meðal annars að koma á stefnu í tóbaksvörnum. Mikið starf var unnið til að marka stefnu í tóbaksvörnum og koma á aðgerðaáætlun á sínum tíma. Þessi stefna tók aldrei gildi, né fór í umfjöllun innan þingsins. Nú er mikilvægara en nokkru sinni að leggja í vinnu við að útbúa stefnu í tóbaksvörnum með tímasettri aðgerðaáætlun, þar sem aukning er á neyslu nikótínvara og það sérstaklega meðal ungmenna.

Stefna í tóbaks- og nikótínvörnum þarf m.a. að fela í sér:

- reglur um neyslu varanna
- leiðir til að draga úr aðgengi
- hækkun kaupaldurs
- hækkun opinberra gjalda á vörurnar
- verndun fólks fyrir reykt af vörnum
- aðstoð við fólk við að hætta notkun varanna
- herða bönn við auglýsingum, kynningum og stuðningi tóbaksfyrirtækja og ekki síst á samfélagsmiðlum
- markvissri fræðslu til almennings um áhrif varanna á heilsu landans
- að tryggja eftirlit með sölu og innihaldi varanna og hækka refsingu fyrir brotum á lögum

Á Íslandi eru tvö lög um tóbaks- og nikótínvarnir, annars vegar lög um tóbaksvarnir og hins vegar lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Markmið þessara laga er mjög ólíkt, en markmið með lögum um tóbaksvarnir frá 31. janúar 2002 „er að draga úr heilsutjóni og

dauðsföllum af völdum tóbaks og tengdra vara, m.a. með því að minnka tóbaksneyslu og vernda þannig fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks. Sérstaklega skal unnið gegn tóbaksneyslu barna og ungs fólks og takmarka framboð á tóbaki og eftirlíkingu af tóbaki sem sérstaklega er ætlað að höfða til þeirra. Virða skal rétt hvers manns til að þurfa ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra. Þeir sem bera ábyrgð á barni skulu stuðla að því að það njóti réttar skv. 2. mgr., einnig þar sem reykingar eru ekki bannaðar skv. III. kafla þessara laga.”

Markmið með lögum um nikótínvörur, rafrettur og áfyllningar fyrir rafrettur frá 25. júní 2018 „er að veita heimildir til innflutnings, sölu, markaðssetningar og notkunar nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur og tryggja gæði og öryggi nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur á markaði og tryggja með tiltækum ráðstöfunum að börn hvorki kaupi né noti nikótínvörur og rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur”.

Þessi lög þarf að sameina og fella allar nikótínvörur, sem ekki eru skilgreindar sem lyf, undir tóbaksvarnarlög. Í þessum sameinuðu lögum verði einnig tekin ný öflug skref í tóbaks- og nikótínvörnum.

Þegar horft er til landanna í kringum okkur í tóbaks- og nikótínvörnum, þá er verið m.a. að setja bann við netsölu, koma sölunni í sérverstanir, takmarka leyfi fyrir sölu á vörunum, hækka álögur, koma á einsleitum pakkningum, minnka hámarks skammt á nikótíni í vörunum, banna bragðefni, hækka kaupaldur, styðja við meðferð til að hætta neyslu varanna og koma á markvissum herferðum til að „bygja brunninn” og stuðla að því að börn og ungmenni hefji ekki neyslu á vörunum. Ljóst er að Íslendingar eru að dragast aftur úr nágranna þjóðum okkar hvað varðar tóbaks- og nikótínvarnir og því er brýnt að koma á stefnu í málafloknum sem fyrst og gera allt sem í okkar valdi stendur til að vernda börn og ungmenni fyrir tóbaks- og nikótínvörum.

Jóhanna Kristjánsdóttir stjórnarmaður fylgi þessari ályktun úr garði og árettaði mismunandi markmið laga um annars vegar tóbak og hins vegar nikótínvörur.

Árni fundarstjóri bar tillöguna upp og var hún samþykkt mótatkvæðalaust.

Ályktunum verður komið á framfæri við hlutaðeigandi.

Engin fleiri önnur mál og formaður sleit fundi og þakkaði fundarstjóra og fundarritara.

Að loknum aðalfundarstörfum flutti Sigríður Gunnarsdóttir forstöðumaður Rannsóknaseturs-Krabbameinsskrár hjá Krabbameinsfélagi Íslands og prófessor við Háskóla Íslands og Landspítala erindið „Lífsgæði eftir greiningu krabbameins. Samanburðarrannsókn á einstaklingum sem greinst hafa með krabbamein og almenningi.”

Fundarritari

Guðlaug B. Guðjónsdóttir